

Spilakvöld

Rangæingafélagið og Skaftfellingafélagið halda áfram sameiginlegum spilakvöldum í vetur eins og undanfarin ár. Spiluð verður framsóknarvist í Skaftfellingabúð eftirtalin miðvikudagskvöld kl. 20:00.

Fyrir áramót:
26. okt. – 9. nóv. – 23. nóv. 2005.

Aðgangseyrir kr. 700.
Innfalið kaffi og meðlæti.

Myndakvöld

Fimmtudaginn 10. nóvember verður fyrra myndakvöld vetrarins í Skaftfellingabúð og hefst kl. 20:30.

Þar mun hinn kunnri ljósmyndari Mats Wibe Lund sýna myndir af öllum lögbýlum í Skaftafellssýslum og ýmsar aðrar myndir úr sýslunum.

Aðgangur ókeypis.
Seldar verða léttar veitingar.

Stjórn félagsins 2005 – 2006

Aðalstjórn	sími	GSM
Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415
Ármann Ó Sigurðsson	553 6156	
Guðrún Arnarsdóttir	587 4671	897 6382
Halla Bjarnadóttir	557 6238	844 3404
Fanney Magnúsdóttir		820 2895
Ragnheiður L. Sigjónsdóttir	588 2430	896 7617
Sigurlaug J. Sigurðardóttir	588 7273	891 7354

Varastjórn	sími	GSM
Guðrún B. Jónsdóttir	587 3315	659 3315
Jón Rafnsson	551 2566	863 3177
Páll Pétursson	515 4515	
Rafn Stefánsson	568 3623	

Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Ingu Jónu Sigfúsdóttur s. 863 2087 og Skúla Oddssonar s. 864 3415.
Netfang félagsins er: skaftfellingar@simnet.is



1. og 15. OKTÓBER
Matarveisla með lambakjöti í öndregi

5. og 12. NÓVEMBER
Villibráðarveislur í sérhökk

3. og 10. DESEMBER
Jólahlaðborð

NJÓTTU HAUSTSINS
Á HÓTEL KLAUSTRI

Við tökum vel á móti þér hvort sem þú vilt koma okkur við þig í mat og dýkk, koma með hóp á ársheitið, lund eða í óvissuleið eða þystrir í sveitarmarkaði á einum fegursta stað landsins. Hringdu með sendu tilkynningu og þessu upp óskar þínar. Við gerum þér tilboð.

• 57 heilbriggi með snyrttíðu og sjónmeð
• 120 manna matarar
• Notislagar bar
• Fjölbreytt matabúð

Sími: 487 4900, klaustur@icahotels.is

ICELANDAIRHOTELS
KLAUSTUR

Nóg um að vera á Hótel Klaustri

Nú á haustmánuðum eru framundan heljarins miklar matarveislur af ýmsum toga þar sem matreiðslumaður hótelsins, Sigurður Daði fer létt með að tófa fram hvern réttinn á fætur öðrum.

Laugardaginn 15. október
Margrétta máltíð þar sem lambakjöt verður í aðalhlutverki. Verð kr. 4.900 á mann.

Laugardagana 5. nóvember og 12. nóvember
Margrómuð villibráðarhlaðborð sem „heimsfræg“ eru orðin alla vega í Vestur-Skaftafellssýslu. Einstakt tækifæri til að kyla vömbina af alls kyns kræsingum fyrir lítinn pening eða kr. 5.200 á mann.

Laugardagana 3. desember og 10. desember
Á rólegum og „rjómantiskum“ nótum. Jólahlaðborð í Klausturskyrrönni. Verð kr. 4.900 á mann.

Í tengslum við þessar matarveislur bjóðum við félögum í Skaftfellingafélaginu upp á gistingu á sérkjörum – aðeins kr. 5.000 fyrir tveggja manna herbergi með morgunverði – sem sagt 2.500 kr. á mann. Það gerist varla betra!

Er þá eftir nokkrum að biða með að slá á þráðinn til okkar í síma 487 4900.
Við hlökkum til að heyra frá ykkur og sjá. Starfsfólk Hótel Klausturs

Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

3. tbl. október 2005

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

- **Í jóklanna skjóli**
kl. 17:00
Sýningar í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands
6. október 2005
3. nóvember 2005
1. desember 2005

- **Myndakvöld**
kl. 20:30
10. nóvember 2005

- **Spilakvöld**
kl. 20:00
26. október 2005
9. nóvember 2005
23. nóvember 2005

- **Söngfélagið**
Söngæfingar öll
mánudagskvöld kl. 20
Aðventustund 11. des.

- **Sumarskálm 2005**
Guðrún Arnarsdóttir

- **Skálm**
Miðvikudaga kl. 19:30
Laugardaga kl. 11:00

Fýlaveisla

Okkar ómissandi fýlaveisla verður haldin í Skaftfellingabúð fyrsta vetrardag laugardaginn 22. október 2005 og hefst með borðhaldi kl. 20:00. Húsið opið frá kl. 19:00.

Mýrdælingar hafa til fjölda ára rotað fýlsunga sér til matar og saltað í kút til vetrarins. Skaftfellingafélagið hefur staðið fyrir fýlaveislum í um tuttugu ár og vonast er til að svo verði um ókomna tíð.

Eins og tíðkast hefur til fjölda ára er fyllinn veiddur og verkaður í Presthúsum og rófurnar upprættar úr frjósömum jarðvegi Þórisholts. Auk þess verður boðið upp á hangikjöt og annað meðlæti.

Ljúfum höndum um matseldina fer Inga Jóna Sigfúsdóttir.

Suðursveitin leikur fyrir dansi að borðhaldi loknu. Miðaverð kr. 3.800
Miðaverð eftir mat kr. 1.000.

Skráning í síðasta lagi 20. október hjá:

Hákoni J. Kristmundssyni (821 2115)
Sigurlaugu J. Sigurðardóttur (891 7354)

HarpaSjöfn

Söngfélag Skafftellinga

Söngfélagið hefur nú hafið 33. starfsár sitt og eru söngæfingar í Skafftellinga-búð á mánudögum kl. 20.

Tökum glöð á móti nýjum félögum í allar raddir, verkefnaskrá vetrarins verður létt og skemmtileg. Nýir félagar greiða ekki félagsgjald fysta misserið. Söngfélagið er blandaður fjórradda kór, ættaður víðsvegar af landinu. Félagar eru u.þ.b. 40, allir á besta aldri. Hvorki er krafist tónlistarmentunar né kunnáttu í nótnalestri.

Söngstjóri er Violeta Soffía Smid. Opíð hús er á æfingum á mánudagskvöldum kl. 20-22 og er söngfólk hvatt til að koma í heimsókn, fá sér kaffisopa og kynna sér starfsemi félagsins. Endilega komið eða hafið samband við einhvern eftirtalinn ef þið viljið syngja með í vetur.

Brimströndin, nýr geisladiskur er til sölu hjá undirrituðum á kr. 1700.

Margrét Torfadóttir, formaður	s. 896 9396
Arnborg Benediktsdóttir, ritari	s. 891 8202
Jón Hrafn Guðjónsson, gjaldkeri	s. 863 5001
Jón Pétur Sveinsson, fararstjóri	s. 862 0685
Svandís Kristiansen, leiðtogi	s. 897 0956

Í jöklanna skjóli

Heimildakvikmynd um horfna lífnáðarhætti í Skafftafellssýslum, sýnd í Þjóðminjasafni Íslands

Þjóðminjasafnið og Kvikmyndasjóður Skafftellinga sýna heimildakvikmyndina *Í jöklanna skjóli* sem Vigfús Sigurgeirsson ljósmyndari tók á árunum 1952-1954 í Skafftafellssýslum. Skýringatexta samdi og flytur Jón Aðalsteinn Jónsson. Kvikmyndin er í níu þáttum. Fyrsti hlutinn var fluttur 1. september sl. en þá voru sýndir þættirnir „Kvöldvaka“ og „Gegningar og mjólkurvinnsla“. Aðgangseyrir er kr. 600 sem gildir í tvö skipti auk þess sem fólki gefst kostur á að skoða safnið sjálf eftir sýninguna. Sýningarnar hefjast kl. 17 og verða sem hér segir:

6. október – „Fylatekja“ og „Aflabrogð: veiði í sjó og vötnum“

3. nóvember – „Samgöngur: flutningur á sjó“ og „Samgöngur: flutningar á landi og í lofti“

1. desember – „Kolagerð“, „Meltekja“ og „Úr Mýrdal í Lón“.

Að lokinni sýningu hverju sinni verður safnið opíð gestum til kl. 21, ennfremur kaffihús og safnbúð. Sérfræðingur Þjóðminjasafnsins mun leiða gesti um þá hluta grunnsýningar safnsins sem tengist efni kvikmyndarinnar hverju sinni.

Hönnun
Hugvít Reynsla Ráðgjöf

Skálm

Skálmað verður áfram á...
laugardagsmorgnum kl. 11 (2 klst.)
og á **miðvikudögum kl. 19:30 (1 klst.)**.
Nú er um að gera að slást í þennan síkátta hóp og taka þátt í ýmsum uppákomum sem því fylgir.

Nánari uppl. í sínum 891 7354/844 3404

Næstu göngur verða sem hér segir:

8.10: Elliðaárdalur – gamla rafstöð

12.10: Hafnarfjörður – Suðurbæjarlaug

15.10: Heiðmörk – Skafftafell (félagsreitur)

19.10: Kópavogslaug

22.10: Skafftellingabúð

26.10: Laugardalur – sundlaug

29.10: Seltjarnarnes – Grótta

2.11: Mosfellsbær – íþróttahús/laug

5.11: Grafarholt v/Nóatún

9.11: Nauthóll

12.11: Heiðmörk – Furulundur

16.11: Víkingsheimili

19.11: Hvaleyrarvatn

23.11: Breiðholt – Breiðholtskirkja

26.11: Miðbær – Hallgrímskirkja kl. 17

30.11: Nauthóll

3.12: Elliðaárdalur – gamla rafstöð

7.12: Laugardalur – sundlaug

10.12: Mosfellsbær – v/Pverholt

14.12: Miðbær Rvk. – Miðbakk

17.12: Heiðmörk – Furulundur

21.12: Hafnarfjörður – sundhöll v/Herjólfsg.

Skálmum og skálmum !

Sumarskálm 23. – 27. júlí 2005 í Stafafellsfjöllum

Enn og aftur var skundað til fjalla, nú 12 Skafftellingar þrautþjáfaðir eftir vetrar-kjagið. Halla hafði pantað gistiþláss í Egils-seli í tvær nætur og Múlaskála aðrar tvær svo ekki var um annað að ræða en koma sér áleiðis austur í Lón. Níu gistu á Stafafelli nóttina fyrir brottför. Laugardagurinn rann upp rakur og þokukenndur, en enga uppgjöf var að sjá á mannskapnum. Fenginn var trússari frá Höfn til að ferja okkur langa leið inn Múladal í Álftafirði, en þaðan var gengið áleiðis til Stafafellsfjalla.



Ljós. Gyða Siggeirsdóttir

Þegar lagt var af stað frá Leirási í Múladal þá birti heldur betur til og sólin fylgdi okkur síðan alla ferðina. Þessi fyrsti göngudagur var nokkuð langur og erfiður, dálítið bratt til að byrja með og bakpokarnir tóku vel í þegar leið á gönguna. Á þessari dagleið var gengið um Viðidal í Lóni að eyðibýlinu Grund. Þar bjó á fyrrihluta 19. aldar kona ættuð af Síðunni ásamt manni og þremur börnum. Snjóflóð féll á bæinn og fórst þar bóndinn og tvö börn, en húsfreyja og dóttir hennar höfðust við í búi, lifðu af og björguðust við illan leik eftir að hafa gengið yfir í Álftafjörð. Nú var komið að því að vaða Viðidalsá sem getur verið varasöm á stundum, en Skálm-arar komust vandræðalaust yfir. Á öðrum degi var gengið að Tröllakrökum þar sem eru hrikalegir klettur, mikil náttúru-smíð með kynjamyndum. Eftir góðan dag tóku nokkrir sundsprett í Kollumúlavatni, en Egilssel stendur við vatnið. Þá var reynt að veiða sem þyddi litið því þetta er víst alveg fisklaust vatn.

Á þriðja degi var gengið með pokana niður í Múlaskála, þar sprettu menn af og fóru flestir í göngu austur úr Gjögri, sem er mjög brött skriða og varasöm þar sem gæta þarf að hverju fötmáli. Þeir sem eftir sátu í skálanum yljúðu sér á heitu kakói með „tunguertandi“ bragði. Fjórða daginn slóust nokkrir úr Skálm-hópnum í för með öðrum ágætum göngu-hópi og Gulla á Stafafelli upp á 1319 metra háan Sauðhamarstind, meðan aðrir Skálm-arar fóru góðan dagsþring um gil og skorn-inga örliðið neðar í fjallshlíðunum. Litadýrð fjallanna var hreint ólýsanleg. Við eigum fallett land!

Síðasti dagurinn rann upp og var lagt af stað til byggða. Gengið var á Illakamb og í framhaldi af því ákveðið að ganga fram að Stafafelli. Frá Illakambi lá leiðin meðfram Jökulsánni austan í Kjarrdalsheiði og yfir nýja göngubrú við Eskifell. Þar komu Hallur frá Stapa og Kristinn frá Þórissholti til móts við hópinn með allskonar „vítamín“ til að kynda mannskapinn fyrir lokaspöttinn.



Ljós. Gyða Siggeirsdóttir

Þegar búið var að skola af sér ferðarykið á Stafafelli var grillað gómsætt lambkjöt og etið með því alls konar meðlæti frá goðu fólki á Stapa. Eftir mikinn kveldsöng, undir harmonikkuspili Kristins félaga okkar og aðra gleði, var borið á góma og lagst í hvílu í ágætu sumarhúsi Stafafellsbænda. Skálm-arar voru hæstánægðir með ferðina og hlakka til að takast á við næstu sumargöngu.

Guðrún Arnarsdóttir